

Kennsluaðferðir

Samkvæmt stefnu skólans eru kennarar hvattir til að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir til að miða enn frekar að einstaklingsmiðuðu námi (sjá kafla 2 og 6).

Kennarar hafa ákveðið sjálfstæði með aðferðafræði og kennsluaðferðir innan stefnu skólans. Hver kennarahópur, svo sem kennarar á sama stigi eða í sama árgangi, þarf að ræða og taka sameiginlega ákvörðun um þær aðferðir sem ráðlegt er að nota. Í því sambandi þarf meðal annars að hafa í huga aldur og getu nemendahópsins, þarfir einstakra nemenda, námsgreinar og markmiðin með kennslunni.

Kennsluaðferðir á yngsta stigi

Útlistunarkennsla, þrautalausnir, samvinnunám, söguaðferð og þemanám. Áhersla verði lögð á hópverkefni og vettvangsnám, námstækni og skipulag s.s. hugtakakort og gagnvirkan lestur. Munnleg tjáning á marga vegu verði í hávegum höfð.

Rök fyrir vali framangreindra kennsluaðferða eru þessi:

Þær vekja til umhugsunar, þjálfa hugsun, ályktunarhæfni og innsæi, virkja nemendur, efla sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði, samvinnu, verkaskiptingu, úrvinnslu og miðlun.

Kennsluaðferðir á miðstigi

Útlistunarkennsla, leitaradferðir, uppgötvunarnám, innlifun og tjáning, söguaðferð, samvinnunám, rannsóknarvinna, hópavinna, umræðu- og spurnaraðferðir, þrautalausnir, sjálfstæð og skapandi viðfangsefni. Áhersla verði lögð á hópverkefni og vettvangsnám, námstækni og skipulag s.s. hugtakakort, SSLSR og gagnvirkan lestur. Munnleg tjáning á marga vegu verði í hávegum höfð.

Rök fyrir vali framangreindra kennsluaðferða eru þessi:

Að fræða og virkja nemendur, þjálfa þá í að afla upplýsinga, vinna úr þeim og draga af þeim ályktanir. Efla sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu og verkaskiptingu.

Vekja til umhugsunar, þjálfa rökhugsun, kenna nemendum að tjá sig, rökræða, taka tillit til annarra, efla innsæi. Efla frumkvæði og frjóa og skapandi hugsun.

Kennsluaðferðir á unglingsstigi

Útlistunarkennsla, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaradferðir, samvinnunám, söguaðferð og sjálfstæð skapandi viðfangsefni. Áhersla verði lögð á hópverkefni og vettvangsnám, námstækni og skipulag s.s. hugtakakort og gagnvirkan lestur. Munnleg tjáning á marga vegu verði í hávegum höfð.

Rök fyrir vali framangreindra kennsluaðferða eru þessi:

Fræða, miðla, útskýra, efla skilning, vekja til umhugsunar. Þjálfa vinnubrögð, efla leikni og þjálfa rökhugsun, kenna nemendum að tjá sig, rökræða og taka tillit til annarra. Virkja nemendur og þjálfa þá í að afla upplýsinga, vinna úr þeim og draga af þeim ályktanir. Efla frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, frjóa og skapandi hugsun, nýsmíði, hugmyndavinnu og miðlun og kenna nemendum að tjá sig.

Skilgreining á kennsluaðferðum:

Hópavinna: Nemendum er skipt í hópa og þeir vinna að viðfangsefnum í tengslum við námsefnið. Nemendur hafa ákveðið hlutverk innan hópsins og skipta með sér verkum.

Innlifun og tjáning: Samheiti yfir ýmsar kennsluaðferðir sem byggjast á því að nemendur tjái sig með innlifun og leikrænum hætti.

Leitaradferð: Líkt er eftir vísindalegum vinnubrögðum. Viðfangsefnið er skilgreint (spurningar, athugunarefni, vandamál) og settar fram tilgátur um niðurstöðu/lausn. Þá tekur

við upplýsingaöflun (athugun, kannanir, tilraunir, heimildaleit) og unnið er úr gögnum og ályktanir dregnar.

Orð af orði: Orð af orði er kennsluáðferð sem verið er að innleiða í Lundarskóla í 4. – 10. bekk. Kennsluáðferðin hefur að megin markmiði að auðga málumhverfið í skólanum, efla orðvitund nemenda, orðaforða og lesskilning. Í verkefninu er unnið með margar aðferðir, m.a. yndislestur, orðhlutaaðferðir, sundurgreiningu lykilorða, ritun út frá orðalistum og orðasöfnum, gerð hugar- og hugtakakorta o.s.frv. Segja má að aðferðirnar feli í sér heildstæða móðurmálskennslu en þær geta einnig stutt við nám í námsgreinum grunnskólans þar sem jafnan er krafist skilnings, m.a. auðugs orðaforða. Yfirleitt er unnið með efni og orðaforða námsgreina, það er sundurgreint og sett saman á nýjan greinandi eða skapandi hátt. Þannig er yfirleitt um að ræða ferli (efniviður>sundurgreining>endurbirting). Sjá tengil á kynningarbækling.

Paravinna: Nemendur vinna saman tveir og tveir að sameiginlegu viðfangsefni.

Samvinnunám: Nemendum er skipt í blandaða námshópa (mismunandi geta/færni). Nemendum hjálpa hver öðrum, bera saman vinnu sína og hlusta á það sem aðrir hafa fram að færa. Allir þurfa að vinna sinn hluta verkefnisins til að hópurinn geti skilað sínu. Nemendur eru samábyrgir fyrir því að allir í hópnum tileinki sér námsefnið.

Söguáðferð: Viðfangsefnið er tiltekin saga (sem tengist námsefninu) með sögusviði, atburðum, persónum og atburðarás. Nemendur taka virkan þátt í að segja söguna, móta persónur og lífshætti þeirra. Sagan er kaflaskipt og í hverjum kafla er glímt við lykilsurningar. Samþætting margra kennsluáðferða, t.d. samvinnunáms, vettvangsnáms o.s.frv.

Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu. Kennari reynir að fá fram ólík rök og hugmyndir og reynir að fá nemendur til að draga eigin ályktanir.

Uppgötvunarnám: Nemendur velja sér viðfangsefni eða kennari ákveður viðfangsefni. Nemendur varpa fram spurningum, gera athuganir og afla heimilda í leit sinni að svörum. Samþætting margra kennsluáðferða, t.d. leitaraðferða.

Útlistunarkennsla: Kennarinn í hlutverki fræðarans. Hann miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir, spyr spurninga. Fyrirlestrar og sýnikennsla eru dæmi um útlistunarkennslu. Sýningar og skoðunarferðir flokkast undir þetta.

Verklegar æfingar: Þeim er ætlað að þjálfra vinnubrögð og efla leikni. Undir þetta fellur einstaklingsvinna nemenda.

Vettvangsnám/útikennsla: Nemendur afla sér upplýsinga með því að fara á vettvang, t.d. náttúruskoðun, viðtöl, kannanir, heimsóknir á söfn o.fl. Skilgreining: Kennsla/nám sem að hluta til eða öllu leyti fer fram utan skólastofunnar. Nemendur fara út með afmörkuð verkefni og leysa þau eftir mismunandi aðferðum sem kennari hefur ákveðið og skipulagt. Í útiskóla er mismunandi kennsluáðferðum beitt.

Í útikennslu felst m.a.:

- upplifun af umhverfi og náttúru
- nýjar víddir sem gerir námið skemmtilegt, fróðlegt, forvitnilegt og áþreifanlegt, t.d. með því að nýta sér vísindaleg vinnubrögð
- þjálfun í að nýta öll skynfæri og hæfileika
- að auka tengsl við nánasta umhverfi og virðingu fyrir náttúrunni
- samþætting námsgreina.

Þemanám: Heildstætt viðfangsefni þar sem fleiri en ein námsgrein tengist viðfangsefninu/verkefnum.

Þrautalausnir: Viðfangsefninu er ætlað að þjálfa rökhugsun, ályktunarhæfni og innsæi. Kennarinn reynir að fá nemendur til að beita frjórri hugsun. Viðfangsefni rökþrautir, hlutverkaleikir, hermíleikir o.fl.

Byrjendalæsi: er kennt í Lundarskóla í 1. – 3. bekk. Í Byrjendalæsi er móðurmálskennslan heildstæð og vefur saman í eina heild lestur, ritun, tal og hlustun. Unnið er með gæðatexta sem kennari les fyrir nemendur og orðaforði nemenda styrktur með umræðum um hann. Fundið er lykilorð úr textanum og er það notað sem tæki til skoðunar á orðmyndun og til rannsóknar á lettri, s.s. stafainnlögn, hljóðkerfisvitund, skrift o.fl. Orðaforði úr textanum sem lesinn hefur verið, lykilorðið og ný orð sem hafa orðið til við vinnu með það eru svo nýtt áfram til umskráningar og endurtekens lestars. Ritunin kemur svo inn þegar nýr texti er unnin sem byggir á orðaforða þess texta sem upphaflega var unnið með.

Læsi til framtíðar

Námstækni: Nemendum eru kenndar aðferðir til að auðvelda sér tileinkun námsefnis, t.d. gagnvirkur lestur, SSLSR, hugtakakort, glósutækni o.fl. Þessar aðferðir bæta lesskilning nemenda.

Gagnvirkur lestur:

- 1) Lestur ► Stuttur kafli úr texta lesinn.
- 2) Samantekt ► Helstu atriðin úr kaflanum tekin saman.
- 3) Spurninga spurt ► Búnar eru til spurningar úr kaflanum.
- 4) Útskýringar ► Erfið orð eða atriði úr kaflanum útskýrð.
- 5) Forspá ► Spáð er fyrir um hvað kemur næst í textanum.
- 6) Ferlið endurtekið þar til textinn er búinn.

SSLSR (skoða, spyrja, lesa, segja, rifja upp):

- 1) Texti er skoðaður, myndir, fyrirsagnir, feitletranir.
- 2) Spurninga er spurt t.d. út frá myndum og fyrirsögnum.
- 3) Textinn lesinn.
- 4) Efni textans tekið saman með eigin orðum.
- 5) Efnið rifjað upp með aðstoð spurninganna.

Hugtakakort:

Hugtakakort er tækni við að skrá þekkingu á myndrænan hátt. Við gerð hugtakakorta þarf nemandinn að tengja saman skyldar hugmyndir og hugtök og lýsa tengslum þeirra. Þetta hjálpar honum að tileinka sér nýjar upplýsingar.